

Ed.

242. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 5, 19. febrúar 1886, um friðun á laxi.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson og Guðmundur Guðfinnsson.

1. gr.

Á eftir orðunum »öll laxanet« í 1. gr. bætist: og önnur net.

2. gr.

Niður falli úr 2. gr. síðari málsgr.: »Eigi einn maður veiði . . . í þeirri kvísl«.

3. gr.

Þriðji málsliður 3. gr. orðast svo:

Heimilt er að veiða lax með stöng, en eigi með sting, krók, laxakistum eða sprengingum.

4. gr.

Síðari málsgrein 5. greinar »Á hverri laxveiðivjel . . . 1¹/₂ þumlungur« falli niður.

5. gr.

6. gr. orðist svo:

Nú vill meiri hluti veiðieigenda í á, sem lax gengur í eða getur gengið í, koma á laxaklaki í ánni. Geta þeir þá kvatt til fundar alla ábúendur jarða, er liggja að höfuðánni eða laxgengum á, er í hana renna, og myndað klakfjelag með þeim og gert þar um samþykkt, er staðfest sje af ráðherra. Stjórn klakfjelagsins má jafna niður á fjelagsmenn kostnaði við klakið og óhjákvæmilega laxastiga á hverju veiðisvæði, en aldrei má skattur þessi vera meiri en 4 % af »brúttó«-tekjum hvernjar jarðar á fjelagssvæðinu af laxveiði næsta ár á undan. Hvert klakfjelag á rjett á að fá jafnmikla upphæð úr landssjóði eins og fjelagsmenn leggja sjálfir fram samkvæmt lögum þessum, ef Búnaðarfjelag Íslands vottar, að framkvæmdir fjelagsins sjeu gerðar með þess ráði og samþykki. En verði ágreiningur um skattskyldu eða skatthæð einhvers fjelagsmanns í klakfjelagi, leggur hlutadeigandi sýslunefnd fullnaðarúrskurð á málið.

6. gr.

7. gr. falli niður.

7. gr.

Fyrir »100 krónur« í 8. gr. komi: 200 krónur.

8. gr.

Fyrir orðið »amtmaður« í 9. gr. komi: ráðherra.

Greinargerð.

Laxveiðilögin frá 1886 eru nú að nokkru leyti orðin úrelt. Í þeim eru einstaka ákvæði bæði um veiði og veiðiaðferðir, sem eru óheppileg fyrir göngu og hrygningu laxa, og þar at leiðandi standa í vegi fyrir því, að ábúendur

jarða, er liggja að veiðiám, geti haft full not af þessum blunnindum. Nú er víða vaknaður mikill áhugi um að auka laxveiði með klaki. Er hér gert ráð fyrir, að slík viðleitni verði studd af almannafje, þar sem hlutaðeigendur sýna í verki, að þeir trú á gagnsemi klaksins.

Fylgiskjal.

Vjer undirritaðir búendur í Suður-Pingeyjarsýslu, sem rjett höfum til veiða í Laxá og smáám þeim, er í hana renna og lax gengur í, leyfum oss hér með að skora á hið háa Alþingi að banna með lögum allar fastar vjelar til laxveiða. En þær vjelar köllum vjer fastar, sem ekki eru teknar upp vikulega, þótt opnaðar sjeu lítið eitt.

Ritað á góu 1918.

Jón Sigurðsson, Hjalla. Jakob Sigurjónsson, Hólum. Sigurjón Friðjónsson, Litlu-Laugum. Björn Sigtryggsson, Hallbjarnarstöðum. Kjartan Jónsson, Daðastöðum. Jón Sigurgeirsson, Viðum. Örn Sigtryggsson, Hallbjarnarstöðum. Jón Eyjólfsson, Hömrum. Kristján V. Guðnason, Breiðumýri. Jón Kristjánsson, Glaumbæ. Benedikt Jósefsson, Breiðumýri. Jón Haraldsson, Einarstöðum. Sigurgeir Tómasson, Stafni. Jón A. Sigfússon, Halldórsstöðum. Jón Davíðsson, Hólkoti. Jón Olgeirsson, Höskuldsstöðum. Hólmgr. Þorsteinsson, Vallakoti. Aðalgeir Davíðsson, Laugum. Jakob Jónasson, Narfastöðum. Þórbergur Davíðsson, Litlu-Laugum. Sigurm. Sigurðsson hjeraðslæknir, Breiðumýri. Jóhannes Þorkelsson, Fjalli. Sigurgeir Eyjólfsson, Fjalli. Stefán Guðmundsson, Fótaskinni. Guðmundur Guðnason, Grimshúsum. Kristján Jónatansson, Tumsu. Helgi Jóhannesson, Múla. P. Helgi Hjálmarsson, Grenjadarstað. Gisli Sigurbjörnsson, Presthvammi. Óskar Jónsson, Klömbrum. Sigurpáll Jónsson, Klömbrum. Sigurður Jónasson, Hrauni. Jakob Björnsson, Austur-Haga. Arni Jónsson, Þverá. Arni Sigurpálsson, Skógum. Páll Sigurðsson, Skógum. Jón Benediktsson, Einarstöðum. Jón A. Árnason, Skörðum. Sigurður Sigurðsson, s. st. Hólmfríður Jónatansdóttir, Holtakoti. Sigtryggur Hallgrímsson, Stóru-Reykjum. Þorsteinn Jónsson, Reykjum. Benedikt Kristjánsson, Hólmavaði. Indriði Þorkelsson, Fjalli. Jónas Sigurbjarnarson, Ysta-Hvammi. Sigurjón Friðfinnsson, Miðhvammi. Jón Bergvinsson, Beckku. Gunnlaugur Snorrason. Kristín Eyjólfsdóttir, Klambraseli. Jakob Þorgrímsson, Haga. Þorgrímur Þjetursson, Nesi. Baldvin Þorgrímsson, Nesi. Sigtryggur Björnsson, Jarlsstöðum. Hernit Friðlaugsson, Sýrnesi. Sigurður Guðmundsson, Fagranesi. Jón Jónsson, Fagraneskoti. Þjetur Sigfússon, Halldórsstöðum. Stefán Jónsson, Öndólfstöðum. Helgi Sigtryggsson, Hallbjarnarstöðum. Gunnlaugur Sigurbjörnsson, Máskoti. Sigríður Helgadóttir, Viðum. Páll Jónsson, Stafni. Ásmundur Helgason, Laugaseli.